

Málsnr.: 201805043

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

MAGNÚS GUÐLAUGSSON HRL
BJARNI STEFÁNSSON HDL
HAUKUR HALLDÓRSSON HDL
SNORRI BJÖRN STURLUSON HDL
GUÐNÝ ÖSP RAGNARSDÓTTIR LFR
SIGURBERG GUÐJÓNSSON HDL

5. MAÍ 2020

Málalýkill: 19.3

30 APR 2020

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar

Dverholti 2

270 Mosfellsbær

Kópavogi, 27. apríl 2020

Varðar: Eignarland Guðrúnar Þórisdóttur og Þóreyjar Svönu Þórisdóttur í Óskotslandi, landeigendanúmer 125388 og fastanúmer 208-4792.

Til mín hafa leitað Guðrún Þórisdóttir, kt. 260771-4699 og Þórey Svana Þórisdóttir, kt. 140384-2679 og óskað eftir því að ég kannaði hug bæjarstjórnar Mosfellsbæjar um hvort bæjarfélagið vilji kaupa eignarland þeirra í Óskotslandi. Þær systur erfðu landið eftir föður sinn Þórir Þórarinssonar, kt. 230930-8029.

Undirritaður sendi þann 1. júlí 2019 bréf þar sem eftirfarandi erindi og málavöxtum lýst. Þessu bréfi hefur ekki verið svarað og því ítrekar undirritaður hér með erindið.

Málavextir:


Mosfellsbær staðfesti nýtt aðalskipulag 2002-2024 árið 2003. Í aðalskipulagi kemur fram að umrætt land á að vera útivistarsvæði, sem ekki er leyfð bygging frístundahúsa, en skipulögð byggð er þar skammt frá á næstu landspildum.

Af einhverjum ástæðum var öllum landeigendum nema Þóri heitnum sent kynningarbréf um breytingu á deiliskipulaginu og þeir boðaðir til fundar. Þegar Þórir komst að skipulagsbreytingunum sendi hann bréf til Mosfellsbæjar þann 9. október 2003 og óskaði eftir breytingu á aðalskipulagi enda hefti hið nýja skipulag mjög notagildi landsins og rýrir verðgildi þess á fasteignamarkaði. Landeigendum var mismunað og ekki var farið eftir ákvæðum 1. mgr. 17. gr laga nr. 73/1997. Mosfellsbær hafnaði beiðni Þóris um breytingu á aðalskipulagi.

Þann 3. maí 2018 sendi Þórey Svana Þórisdóttir samskonar beiðni til bæjastjórnarinnar og óskaði eftir breytingu á skipulaginu þannig að þau mættu byggja frístundahús á landinu en því var synjað.

Vegna þessa er þess farið á leit við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að bæjarfélagið kaupi landið af skjólstæðingum mínum á viðunandi verði.

Virðingarfyllst



Bjarni Stefánsson

lögmaður

08